



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/712
komudagur 24/11 1996

Ármúla 6 · 108 Reykjavík · Ísland · ☎ 688118 · Fax 688139

Reykjavík, 19. janúar 1996.

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Guðjóns Rúnarssonar, nefndarritara
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Efni: **Frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði (232. mál),
eiginfjárkröfur, innstæðutryggingar o.fl.**

Á fundi sínum fyrir skömmu tók álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda framangreint
frumvarp til umfjöllunar. Fylgir hér með greinargerð nefndarinnar.

Stjórn félagsins samþykkir fyrir sitt leyti umsögn álitsnefndar.

Virðingarfyllt

Félag löggiltra endurskoðenda

Tryggvi Jónsson
formaður

*Álitsnefnd
Félags löggiltra endurskoðenda*

Reykjavík, 19. janúar 1996.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík.

Efni: **Frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði (232. mál), eiginfjárkröfur, innstæðutryggingar o.fl.**

Með bréfi dags. 21. desember sl. óskar efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint frumvarp til laga. Stjórnin vísaði málinu til álitsnefndar félagsins í samræmi við samþykktir þess. Álitsnefnd hefur nú fjallað um frumvarpið og fara hér á eftir athugasemdir nefndarinnar.

- Í 11. gr. frumvarpsins er gerð breyting á 3. mgr. 57. gr. laganna. Sú mgr. hljóðar nú þannig:

Almennar leiðbeinandi reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum skulu liggja fyrir á aðgengilegan hátt.

Ef frumvarpið verður að lögum mun mgr. hljóða þannig:

Bankaefirlitið setur reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

Þegar lagt er mat á þessa breytingartillögu er rétt að líta á næstu mgr. á undan, þ.e. 2. mgr. 57. gr., en þar segir:

Bankaefirlitið skal sjá til þess í samráði við Reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árs Slutareiknings viðskiptabanka og sparisjóða.

Með lögum nr. 95/1991 var Reikningsskilaráð sett á stofn og segir í lögnum meðal annars:

Reikningsskilaráð skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað telst vera góð reikningsskilavenja á hverjum tíma.

Vilji löggjafans um hlutverk Reikningsskilaráðs er því skýr og birtist sá vilji einnig í framannefndri 2. mgr. 57. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Því er álitsnefndin ósammála þeirri breytingartillögu, sem hér er til umfjöllunar, og telur að ekki sé rökrétt að fela bankaeftirliti Seðlabankans að setja slíkar reglur. Hlutverk þess er fremur að hafa lögboðið eftirlit með rekstri þessara stofnana, m.a. með tilliti til þess hvort lagaákvæðum sé framfylgt. Það er hins vegar hlutverk Reikningsskilaráðs og, eftir atvikum, reikningsskilanefndar Félags löggiltra endurskoðenda, að setja slíkar reglur.

Mælir nefndin því með að greinin verði látin standa óbreytt. Jafnframt viljum við vísa til umfjöllunar okkar um sama atriði í bréfi álitsnefndar til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 22. desember 1992, en í því gáfum við umsögn um 208. mál Alþingis 1992, frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

- Síðasti málsliður 2. mgr. a. liðs 13. gr. frumvarpsins hljóðar þannig:

Bankaeftirlitið getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða.

Hér er að okkar áliti um hluta af innra eftirlitskerfi viðskiptabanka og sparisjóða að ræða og sér álitsnefndin ekki að efni séu til að taka þennan þátt út úr sérstaklega og færa inn í lagatexta. Lagatextinn eins og hann hljóðar án umræddrar breytingartillögu veitir banka- eftirliti Seðlabanka Íslands allar heimildir, í samráði við tilgreinda aðila, til að útfæra reglur um innra eftirlit viðskiptabanka og sparisjóða.

Álitsnefndin leggur því til að umræddur málsliður falli brott enda er honum ofaukið.

- Í b. lið 13. gr. frumvarpsins segir að bankaeftirlitið setji reglur um endurskoðun viðskiptabanka og sparisjóða.

Að mati álitsnefndar er það ekki hlutverk bankaeftirlitsins eins að setja reglur um endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Má í þessu sambandi vísa í áður nefnda umsögn okkar til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 22. desember 1992, en þar segir meðal annars:

“Að því er endurskoðun banka og sparisjóða varðar vill álitsnefnd benda á að Félag löggiltra endurskoðenda stuðlar að mótun góðrar endurskoðunarvenju, m.a. með útgáfu leiðbeinandi reglna um endurskoðun. Félagið er jafnframt aðili að IFAC, Alþjóða- sambandi endurskoðenda, en á vegum þeirra samtaka hafa verið gefnir út fjölmargir staðlar og leiðbeinandi reglur um endurskoðun, þ.á.m. um atriði er varða sérstaklega endurskoðun banka.”

Í 8. mgr. 62. gr. núgildandi laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, segir að bankaeftirlitið skuli sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Að okkar mati hafa ekki verið færð nein haldbær rök fyrir því að breyta því fyrirkomulagi sem Alþingi taldi heppilegast fyrir rúmum tveimur árum. Þvert á móti hafa verið settar reglur í samræmi við þetta laga- ákvæði, sem unnar voru af bankaeftirlitinu í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda,

og teljum við að framlag okkar þar hafi skipt máli, meðal annars með skoðanaskiptum og koma þannig að fleiri sjónarhornum en þess aðila, sem er með opinbert eftirlit með þessum stofnunum.

- Í c. lið 13. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi 9. mgr. 62. gr. laganna falli brott, en í henni segir að almennar leiðbeinandi reglur um endurskoðun skuli liggja fyrir á aðgengilegan hátt.


Við teljum nauðsynlegt að almennar leiðbeinandi reglur um endurskoðun liggi fyrir á aðgengilegan hátt, hvort sem þær eru gefnar út af Félagi löggiltra endurskoðenda, bankaeftirlitinu í samráði við félagið, eða alþjóðlegum stofnunum. Við teljum hins vegar að skýra megi betur hvað átt sé við með “aðgengilegum hætti”.

- Álitsnefnd leggur til að gerð verði breyting á 56. og 57. gr. laganna, þar sem kveðið er á um hvað ársreikningur skuli geyma. Í lögnum er ekki gerð krafa um að fjárstreymisfirlit birtist í ársreikningum, en frá þeim tíma, sem löggin tóku gildi, hafa verið sett lög um ársreikninga, nr. 144/1994. Í þeim kemur fram að fjárstreymisfirlit sé hluti ársreiknings og telur nefndin eðlilegt að farið verði að þessum ákvæðum.
- Í síðasta málslið 3. mgr. 58. gr. laganna er vísað til ákvæða hlutafélagalaga. Frá þeim tíma, sem löggin voru sett, hafa tekið gildi ný lög um hlutafélög svo og um ársreikninga, sbr. umfjöllun hér að framan. Því á þessi tilvísun ekki við lengur, heldur ber þess í stað að vísa í lög nr. 144/1994, um ársreikninga.

Að öðru leyti telur nefndin ekki ástæðu til athugasemda við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda



The image shows five handwritten signatures in black ink, arranged vertically. The signatures are: 1. Þurasi Jónsson, 2. Guðmar Sigurðsson, 3. Ánni Þórunn, 4. Þorvaldur Gunnarsson, and 5. Þórunn H. Gunnarsson.